

Nr.xxx/xxxxx janúar 2022

Gjaldskrá Vatnsveitu í Sveitarfélaginu Árborg



1. gr. Gjaldskylda.

Sveitarfélagið Árborg innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004.

Jafnframt innheimtir sveitarfélagið vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr. Ráðstöfun gjalda.

Tekjum sveitarfélagsins vegna heimæðargjalds vatnsveitu skal varið til vatnsveituframkvæmda og skal gjaldið taka mið af gerð, stærð og lengd heimæða.

Vatnsgjald, ásamt öðrum tekjum vatnsveitu, skal standa undir rekstri vatnsveitunnar, þ.m.t. fjármagnskostnaði, og fyrirhuguðum stofnkostnaði samkvæmt langtímaáætlun veitunnar.

3. gr. Heimæðargjald vatnsveitu.

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu í janúar ár hvert og er uppfært einu sinni ár ári.

Þvermál heimæðar PE - mm	Uppfært miðað við byggingarvísitölu nú (des 2021)
32	310.788
40	336.420
50	379.140
63	479.532
75	611.964
90	810.612

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Vatnsveitu Árborgar við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af starfsmönnum vatnsveitu.

Innifalið í heimæðargjaldi er allt að 30 metra lögn og tengigrind. Ef heimtaug er lengri en 30 metrar bætist við 2% yfirlengdargjald á hvern meter. Fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi stærðar. Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm er reiknað út hjá Vatnsveitu Árborgar.

4. gr. Aukagjöld vegna sérstakra aðstæðna.

Við sérstakar aðstæður, s.s. vegna frosts í jörðu og sprengingar á klöpp skal greitt sérstakt álag er nemur 25% sem leggst ofan á heimæðargjald skv. 3. gr.

Þurfi að koma til dælingar vegna vatnsaga við lagningu heimæða, skal lóðarhafi greiða eftirfarandi:

Vatnsdæla	1.900 kr./sólarhring
Rafstöð fyrir dælu	2.700 kr./sólarhring

Óski byggingaraðili eftir bráðabirgðatengingu greiðir hann 30% af heimtaugargjaldi viðkomandi stærðar. Heimilt er að krefja byggingaraðila um greiðslu ef ídráttarrör vantar eða ídráttarrör reynast ónothæf.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

5. gr. Vatnsgjald.

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem vatns geta notið. Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,1961% af fasteignamati viðkomandi fasteignar, ásamt lóð.

6. gr. Notkunargjald.

Þar sem vatn frá vatnsveitu er notað til atvinnustarfsemi eða annars en venjulegra heimilisþarfa skal innheimt sérstakt notkunargjald.

Fjárhæð notkunargjalds er 37,6 krónur á rúmmetra (m³) vatns, skv. mælingu.

Notkunargjaldið tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar í janúar hvert ár, Gjaldið skal uppfært miðað við vísitöluhækkunar í byrjun árs.

Í þeim tilvikum þegar um óvenjumikil kaup á vatni er að ræða eða vatn er keypt til sérstakrar framleiðslu er heimilt að gera sérstakt samkomulag við kaupanda um endurgjald fyrir vatnið.

7. gr. Mælaleiga.

Þeim sem greiða skulu notkunargjald skv. 6. gr. skulu látnir í té vatnsmælar. Notandi skal sjá fyrir aðstöðu fyrir mæli. Vatnsveita er eigandi mælanna og skal greidd fyrir þá ársleiga sem hér segir:

Stærð mælis	Mælaleiga á ári (jan 2022)
að 20 mm	6.276 kr.
20 - 24 mm	8.364 kr.
25 - 31 mm	10.459 kr.
32 - 39 mm	12.548 kr.
40 - 49 mm	16.734 kr.
50 - 74 mm	50.199 kr.
75 - 99 mm	54.381 kr.
100 mm og stærri	58.563 kr.

Mælaleigan tekur mið af vísitölu byggingarkostnaðar.

8. gr. Gjald dagar.

- Heimæðargjald: Gjald dagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Í þeim tilvikum er lóðarhafi, með samþykki skipulags- og byggingarnefndar, nýtir lóð undir annað en byggingu miðast gjald dagi heimæðargjalds við tengingu heimæðar. Gjöldin skulu greidd eða um þau samið innan 20 daga frá gjalddaga.
- Vatnsgjald: Gjald dagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og baejastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.
- Notkunargjald: Gjald dagar notkunargjalds eru á fjögurra mánaða fresti. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.
- Mælaleiga: Gjald dagi leigugjalds fyrir mæli er 1. febrúar. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

9. gr. Greiðsluskilmálar.

Heimilt er að semja um greiðslur heimæðargjalda vatnsveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.

10. gr. Innheimta o.fl.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds en notandi, ef hann er annar en fasteignareigandi, ber ábyrgð á greiðslu notkunargjalds.

Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

Notkunargjald og leigugjald fyrir mæli, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum er heimilt að taka fjárnámi.

11. gr. Gildistaka.

Gjaldskrá bessi, sem öðlast þegar gildi, er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923.

Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði gjaldskrár fyrir gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, stofngjald vatnsveitu, byggingarleyfis- og þjónustugjöld í Sveitarfélaginu Árborg nr. 1185/2006 sem fjalla um stofngjald vatnsveitu.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, x.xxxx 2021

Gísli Halldór Haldórsson bæjarstjóri

B-deild – Útgáfud.:xxxxxxxx